

RÍKISENDURSKOÐUN

Samkeppniseftirlitið

Endurskoðun 2020

Endurskoðunarskýrsla

Desember 2021

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Samkeppniseftirlitsins fyrir árið 2020.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.


Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Samkeppniseftirlitsins var síðast endurskoðaður 2018 og 2019 vegna ársins 2017.


Efnisyfirlit

Inngangur	2	7.3 Niðurstöður	12
1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2020	4	8 Endurskoðun rekstrarliða	13
2 Athugasemdir og ábendingar	5	8.1 Tekjur	13
3 Viðbrögð við ábendingum	6	8.2 Aðrar kröfur, utan reikningsskila Samkeppniseftirlitsins	13
3.1 Viðbrögð Samkeppniseftirlitsins	6	8.3 Kostnaður	13
4 Áhættumat og mikilvægi	7	8.4 Niðurstöður	14
5 Fjárveiting og rekstur	8	9 Endurskoðun efnahagsliða	15
5.1 Fjárveitingar og afkoma	8	9.1 Efnahagsreikningur	15
5.2 Rekstraráætlun	9	9.2 Eignir	15
5.3 Niðurstaða	9	9.3 Eigið fé og skuldir	15
6 Innra eftirlit	10	9.4 Niðurstöður	15
6.1 Inngangur	10	10 Önnur atriði	16
6.2 Almenn umfjöllun	10	10.1 Ársreikningur og staðfestingarbréf	16
6.3 Verkaskipting og samþykkt útgjalda	10	10.2 Óhæðisyfirlýsing	16
6.4 Hlutverk stjórnar	11		
6.5 Niðurstaða	11		
7 Fylgni við lög og reglur	12		
7.1 Inngangur	12		
7.2 Umfjöllun	12		

1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2020



Eigið fé í lok árs (milljónir króna)



2 Athugasemdir og ábendingar

Niðurstöður endurskoðunar ársreiknings Samkeppniseftirlitsins fyrir árið 2020 fela í sér nokkrar ábendingar, sem komið hefur verið á framfæri við stjórnendur Samkeppniseftirlitsins. Brugðist hefur verið við með eðlilegum hætti.

Vísað er í einstaka kafla skýrslunnar varðandi nánari yfirferð um ýmis atriði er til skoðunar og til umfjöllunar voru við endurskoðunina.

3 Viðbrögð við ábendingum

3.1 Viðbrögð Samkeppniseftirlitsins

Eftirfarandi viðbrögð bárust frá Samkeppniseftirlitinu vegna ábendinga sem gerðar voru vegna endurskoðunar 2020, sjá niðurstöður í kafla 2 og aðrar ábendingar í skýrslunni.

„Samkeppniseftirlitið þakkar fyrir vinnu og gagnleg samskipti við Ríkisendurskoðun við fjárhagsendurskoðun vegna ársins 2020.

Í kafla 5.2 bendir Ríkisendurskoðun á að verklagsreglur Samkeppniseftirlitsins um fjárhagslegar skuldbindingar, bókhald og greiðslur reikninga séu frá árinu 2005 og þarfnist uppfærslu. Reglurnar hafa nú verið endurskoðaðar og tóku nýjar reglur gildi þann 18. febrúar 2022.

Í kafla 5.3 er fjallað um verkaskiptingu og samþykkt útgjalda. Er mælt til þess að tvöfalt samþykki rafrænna reikninga innan stofnunar liggi fyrir áður en greiðsla á sér stað. Hingað til hefur eftirlitið metið fullnægjandi að rekstrarstjóri samþykki rafræna reikninga fyrirfram og forstjóri eftir á, en að bókun og greiðslu reikninga sé útvistað til Fjársýslu ríkisins.

Vegna þessarar ábendingar Ríkisendurskoðunar hefur Samkeppniseftirlitið þegar breytt verklagi sínu á þann hátt að bæði rekstrarstjóri og forstjóri samþykkja reikninga í Orra, áður en að til greiðslu kemur. Kveðið er nánar á um samþykki, bókun og greiðslu reikninga í nýuppfærðum innri verklagsreglum.”

4 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningsskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga, en liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi Samkeppniseftirlitsins eins og kostur er. Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningsskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og að kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá Samkeppniseftirlitinu sem voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu:



Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af gjöldum ársins, eða um 11 milljónir króna. Með mikilvægismörkum er átt

við hámark þeirrar fjármunalegu skekkju sem ekki er talin hafa áhrif á upplýstan lesenda reikningsskilanna. Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum, sem finnast og máli skipta, komið á framfæri við stjórnendur

Við mat á áhættu og mikilvægi einstakra fjárlagaliða og stofnana eru jafnframt ákveðnir þættir hafðir til hliðsjónar, m.a. eðli og umfang fjárlagaliðar eða stofnunar, fyrri athugasemdir og fyrirkomulag bókhalds hjá stofnun.

5 Fjárveiting og rekstur

5.1 Fjárveitingar og afkoma

5.1.1 Tekjur samtals

Fjárveiting úr ríkissjóði til Samkeppniseftirlitsins vegna rekstrar samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2020 nam 499,4 m.kr. Jafnframt eru í yfirliti um afkomu tilgreindar 4,4 m.kr. sem rekstrartekjur (aðrar tekjur) og 29,0 m.kr. sem framlög og ýmsar tekjur. Að auki er þar færsla frestaðra tekna á móti gjaldfærðum afskriftum fjárfestinga að fjárhæð 2,6 m.kr.

5.1.2 Gjöld og vextir

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður nam 445,9 m.kr. á árinu 2020. Er þar um að ræða hækkingu frá fyrra ári sem nemur um 40 m.kr. eða um 9,9%. Annar rekstrarkostnaður nemur 94,6 m.kr. á árinu og afskriftir 2,6 m.kr.

Fyrirspurn um hækkingu fastrar yfirvinnu hjá einum starfsmanni á milli árána 2019 og 2020 var beint til stofnunarinnar. Sjá nánar undir lið 7.3.1 um launakostnað.

Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap er á árinu að fjárhæð 8.724 kr.

5.1.3 Samanburður kostnaðarliða milli ára

Fyrirspurn var beint til Samkeppniseftirlitsins um þróun nokkurra kostnaðarliða á milli árána 2019 og 2020. Eðlilegar skýringar bárust á breytingum til hækkingar. Meðal annars átti sér stað breyting á bókuarvenjum eftir ábendingar frá Fjársýslu ríkisins. Frávik var þó í

gjaldfærslu kostnaðar vegna hugbúnaðar þar sem lotun á milli árána 2019 og 2020 var ekki alveg rétt.

5.1.4 Yfirlit og afkoma

Í töflu 1 má sjá rekstrarafkomu og samanburð á tekjum og gjöldum á árinu 2020 miðað við fjárveitingu úr fylgiriti til endanlegrar fjárveitinga.

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2020

Í þús. kr.	Fjárveiting 2020	Rekstur 2020	Frávik 2020	Rekstur 2019
Rekstrartekjur	-13.300	-33.446	-20.146	-40.800
Tekjuf. frestaðra tekna	-2.644	-2.644	0	-2.963
Launagjöld	429.256	445.942	16.689	405.911
Önnur rekstrargjöld	104.800	94.629	-10.171	92.501
Afskriftir og vextir	2.644	2.653	9	2.975
Ríkisframlag	-520.756	-499.400	-21.356	-496.100
Afkoma, halli	0	7.734	7.734	-38.476

Í lok árs voru allnokkur frávik annars vegar á fjárhæðum í yfirliti fjárveitinga og hins vegar í rekstrarreikningi. Samkvæmt rekstrarreikningi ársins var afkoma hjá Samkeppniseftirlitinu neikvæð um 7,7 m.kr., sem einkum skýrist af því að laun og launatengd gjöld hækka talsvert miðað við fyrra ár. Á móti voru rekstrartekjur talsvert hærri en gert var ráð fyrir og önnur rekstrargjöld nokkuð lægri. Rekstrarniðurstaða ársins 2019 var jákvæð að fjárhæð 38,5 m.kr.

5.1.5 Fjárveiting – heimild til fjárfestingar

Samkeppniseftirlitið fékk 1,4 m.kr. fjárveitingu til fjárfestingar á árinu 2020. Eignakaup embættisins námu um 0,9 m.kr. á árinu. Tekjufærsla fjárfestingaframlags á móti afskriftum ársins nam 2,6 m. kr. Staða fjárfestingaframlags var jákvæð um 9,3 m.kr. í upphafi árs, en að teknu tilliti til fjárveitingar og tekjufærslu á móti afskriftum er staða fjárfestingaframlags í árslok 2020 jákvæð um 8,0 m.kr.

5.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Það ferli er í ágætum farvegi hjá Samkeppniseftirlitinu.

Samkvæmt upplýsingum rekstrarstjóra Samkeppniseftirlitsins er vel fylgst með þróun tekna og gjalda miðað við fjárhagsáætlun. Samkvæmt svari við fyrirspurn er rekstraráætlun gerð í áætlanagerfi ríkisins, AKRA, þar sem áætlað er niður á einstakar tegundir. Sú áætlun er send ráðuneyti til samþykktar. Eftir samþykki hennar liggur fyrir er sú áætlun skráð inn í fjárhagskerfi ríkisins, Orra.

Í töflu 2 kemur fram sú fjárhagsáætlun, sem stofnunin notar við fjármálastjórn. Þessi áætlun er sett fram með rekstrarhalla. Eins og fram kemur hér að framan hefur ráðuneyti stofnunarinnar samþykkt þessa áætlun.

Tafla 2 Samanburður á fjárhagsáætlun stofnunar og rekstri 2020; áætlun samþykkt af ráðuneyti.

Í þús. kr.	Áætlun 2020	Rekstur 2020	Frávik 2020	Rekstur 2019
Rekstrartekjur	-13.000	-33.446	-20.446	-40.800
Tekjuf. frestaðra tekna	0	-2.644	-2.644	-2.963
Launagjöld	424.588	445.942	21.354	405.911
Önnur rekstrargjöld	102.863	94.629	-8.234	92.501
Afskriftir og vextir	2.790	2.653	-137	2.975
Ríkisframlag	-499.400	-499.400	0	-496.100
Afkoma, halli	17.841	7.734	-10.107	-38.476

Með samanburði er reglulega fylgst með fjárhagsáætlun annars vegar og þróun rauntalna hins vegar. Þar sem frávik koma fram er leitað skýringa.

5.3 Niðurstaða

Á árinu var 7,7 m.kr. rekstrarhalli hjá Samkeppniseftirlitinu. Uppsafnaður höfuðstóll er jákvæður um 13,6 m.kr. í lok árs 2020, og staða fjárfestingaframlags var jákvæð um 8,0 m.kr.

6 Innra eftirlit

6.1 Inngangur

Forstjóri Samkeppniseftirlitsins ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá stofnuninni. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum. Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

6.2 Almenn umfjöllun

Við mat á innra eftirliti hjá stofnuninni voru fengnar upplýsingar um skipulag, verkaskiptinu og verkferla. Skipurit er fyrir hendi, en það skiptist annars vegar í starfaskipan og hins vegar lýsingu á skipulagi.

Verklagsreglur um fjárhagslegar skuldbindingar, bókhald og greiðslur gjaldareikninga eru fyrir hendi. Þær eru hins vegar frá árinu 2005 og þarfnast uppfærslu. Sú uppfærsla er fyrirhuguð. Sjá nánar um verkaskiptingu og samþykktarferli útgjalda í kafla 5.3.

Gæðahandbók Samkeppniseftirlitsins er til staðar á innri vef stofnunarinnar.

Vinnustund er notuð við skráningu á vinnutíma starfsfólks. Sérstakur launafulltrúi er ekki til staðar hjá stofnuninni. Rekstrarstjóri sér um launa- og starfsskráningu starfsfólks og annast launasetningu ásamt forstjóra.

6.3 Verkaskipting og samþykkt útgjalda

Rekstrarstjóri hefur umsjón með bókhaldi stofnunarinnar. Fjársýsla ríkisins sér um skráningu bókhalds og síðan greiðslu útgjalda. Fjársýslan forbókar þá gjaldareikninga sem eru innan greiðslupjónustunnar þar, en rekstrarstjóri yfirfer þær bókanir. Rekstrarstjóri annast skráningu útgjalda, sem koma til við greiðslu með kreditkorti stofnunarinnar.

Rekstrarstjóri áritar alla gjaldareikninga til staðfestingar útgjalda og samþykkis til greiðslu. Samkvæmt yfirliti um aðgangsheimildir í Orra virðist rekstrarstjóri einn hafa það hlutverk að samþykkja gjaldareikninga. Forstjóri virðist samkvæmt því yfirliti ekki hafa nægileg vel skilgreint hlutverk við áritun gjaldareikninga fyrir greiðslu þeirra.

Rekstrarstjóri hefur aðspurð lýst aðkomu forstjóra með þeim hætti, að hann yfirfari bókanir gjaldareikninga eftir á u.þ.b. einu sinni í mánuði. Rekstrarstjóri tekur saman skjal með yfirliti um alla útgjaldareikninga með eindaga í þeim mánuði. Forstjóri áritar það skjal. Hér er úrbóta þörf og hafa þær úrbætur verið skilgreindar með ásættanlegum hætti.

Aðgreining starfa við tvöfalda samþykkt útgjalda innan stofnunarinnar fyrir greiðslu er afar mikilvægur liður í innra eftirliti.

6.4 Hlutverk stjórnar

Sérstök stjórn er yfir Samkeppniseftirlitinu, sem hugsuð er sem sjálfstæður milliliður á milli annars vegar ráðherra og ráðuneytis og hins vegar stofnunarinnar til að skapa sjálfstæði og hlutleysistilrí gangvart stjórnvöldum. Starfsreglur stjórnar liggja fyrir, útgefnar 30. október 2020, sem birst hafa í B-deild Stjórnartíðinda. Stjórnin setur sér starfsreglur og starfsáætlun. Fyrir liggja starfsáætlanir hennar fyrir árin 2020 og 2021.

Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. samkeppnislaga er það hlutverk stjórnar að móta áherslur í starfi stofnunarinnar og fylgjast með starfsemi og rekstri hennar.

Forstjóri er ráðinn af stjórn, sbr. 6. gr. sömu laga. Forstjóri leggur rekstraráætlun fyrir stjórn til samþykktar. Í samræmi við starfsáætlun fylgist stjórnin síðan með því hvort áætluninni sé fylgt.

6.5 Niðurstaða

Ábendingum varðandi innra eftirlit hefur verið komið á framfæri við stjórnendur Samkeppniseftirlitsins og áformuð viðbrögð eru með eðlilegum hætti.

7 Fylgni við lög og reglur

7.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunarinnar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirhætti og samninga þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 4. Eftirfarandi þættir er skoðaðir hér.

7.2 Umfjöllun

7.2.1 Ferðakostnaður

Lítill ferðakostnaður var hjá stofnuninni á árinu 2020 í samanburði við árið á undan. Sú þróun skýrist af Covid heimsfaraldri. Á árinu var gjaldfærður ferðakostnaður erlendis um 916 þús.kr., en árið 2019 nam sami liður 4.534 þús.kr.

7.2.2 Risna og gjafir

Risna og gjafir voru óverulegir kostnaðarliðir á árinu 2020. Þessi útgjöld voru samkvæmt bókhaldinu að fjárhæð 167 þús.kr. árinu, en námu 561 þús.kr. árið á undan. Forstjóri áritar skjöl vegna risnu til samþykkis.

7.2.3 Opinber innkaup

Innkaup vöru eru ekki hár rekstrarliður hjá stofnuninni. Hún nýtir sér þjónustu Ríkiskaupa þar sem það á við.

7.2.4 Innkaupakort

Eitt kreditkort er í notkun hjá stofnuninni fyrir ýmis tilfallandi útgjöld. Sjá kafla 8.2.4.

7.2.5 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Fjársýslan sér alfarið um umsóknir og bókanir endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna sérfræðiþjónustu. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færir til eignar á viðskiptareikningi stofnunarinnar við ríkissjóð

7.3 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en að Samkeppniseftirlitið fylgi almennt lögum og reglum sem gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta, þ. á m. reikningsskilareglum. Sjá þó undir kafla 5 um verkaskiptingu við áritanir og samþykkt gjaldareikninga.

8 Endurskoðun rekstrarliða

8.1 Tekjur

Tekjur Samkeppniseftirlitsins árið 2020 námu samtals 535,5 m.kr. samanborið við 539,9 m.kr. árið áður eða lækkun um 4,4 m.kr. á milli ára. Tekjur stofnunarinnar skiptast þannig að fjárveiting nam 499,4 m.kr., en sértekjur námu samtals 33,5 m.kr. Af þeirri fjárhæð sértekna er svokallað samrunagjald 4,4 m.kr. en aðrar sértekjur 29,0 m.kr. Samrunagjaldið tekjufærir hjá stofnuninni frá og með miðju ári 2020. Innheimta þessa gjalds fer fram í gegnum TBR kerfið. Tekjufærsla áður frestaðra tekna á móti fjárfestingaútgjöldum nam 2,6 m.kr.

Liðurinn „aðrar sértekjur“ að fjárhæð 29,0 m.kr. er tekjufærður hjá stofnuninni með millifærslum innan ríkisbókarinnar. Hér er um að ræða kostnaðarhlutdeild Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins vegna ýmissa verkefna. Á árinu 2019, en þá nam þessi tekjufærsla 40,8 m.kr., var um að ræða verkefni tengt hönnun samskiptagáttar og verkefni tengt OECD. Síðarnefnda verkefnið snýr að samkeppnismálum annars vegar í ferðaiðnaði og hins vegar í byggingariðnaði. Á árinu 2020 er OECD-verkefnið og hönnun samskiptagáttar enn í gangi en við bætast greiðslur frá Vinnumálastofnun vegna sumarstarfa við átak gegn atvinnuleysi á Covid-tímum. Áhrif á rekstur stofnunarinnar eru bæði tekna- og gjaldamegin.

8.2 Aðrar kröfur, utan reikningsskila Samkeppniseftirlitsins

Krafa stofnunarinnar á fjármálaráðuneytið (ríkislögmann) vegna útlagðs kostnaðar vegna kaupa á þjónustu lögmannna við málflutning vegna samkeppnismála fyrir dómi er krafín með útgefnum reikningi. Þessi krafa er í byrjun færð á biðreikning í efnahagsreikningi stofnunarinnar en er ekki

tekjufærð í rekstrarreikningi hennar. Við greiðslu er upphaflega færslan í efnahagsreikningi jöfnuð út.

Stjórnvaldssektir Samkeppniseftirlitsins, sem lagðar eru á vegna brota á samkeppnislögum eru ekki tekjufærðar í bókhaldi stofnunarinnar. Þessar sektargreiðslur renna í ríkissjóð.

8.3 Kostnaður

Rekstrargjöld stofnunarinnar árið 2020 námu samtals 543,2 m.kr. samanborið við 501,4 m.kr. árið áður eða hækkun um 41,8 m.kr. á milli ára. Af þessum rekstrargjöldum eru 2,6 m.kr. afskriftir til gjaldfærslu á móti tekjufærslu frestaðra tekna.

8.3.1 Launakostnaður

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður nam 445,9 m.kr. á árinu 2020 en voru 405,9 m.kr. árið áður. Hækkunin nemur um 40 m.kr. Ástæðu útgjaldaaukningar vegna orlofs á milli ára má fyrst og fremst rekja til hækkunar á önnuleystri orlofsskuldbindingu. Ársverk fastra starfsmanna hjá embættinu fyrir árið 2020 voru u.þ.b. 25, en rúmlega 26 þegar tímavinnu- eða lausráðið fólk er meðtalið. Nokkrir starfsmenn voru í tímavinnu í hlutastarfi. Endurskoðun launagjalda fór fram með greiningum, einkum að því er varðar fasta ómælda yfirvinnu. Ein fyrirsögn var gerð vegna hækkunar ómældrar yfirvinnu starfsmanns á milli árána 2019 og 2020. Í svari við fyrirsögninni kemur fram að viðkomandi starfsmaður hafi verið í fæðingarorlofi á árinu 2019, sem skýrir verulega hærri greiðslu vegna ómældrar yfirvinnu á árinu 2020 miðað við fyrra ár.

8.3.2 Önnur rekstrargjöld

Annar rekstrararkostnaður nam 94,6 m.kr. árið 2020 en var 92,5 m.kr. árið áður eða hækkan um 2,1 m.kr. Helstu kostnaðarliðir voru almenn vörukaup 8,7 m.kr., funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta 33,6 m.kr. og leigugjöld, afnotagjöld, verkkaup o.fl. 52,2 m.kr.

Endurskoðun fór fram með greiningum, fyrirspurnum og úrtaksskoðunum og er án sérstakra athugasemda.

8.3.3 Samningar við lögmenn og aðra verktaka

Hvers konar málarekstur stofnunarinnar vegna samkeppnismála og fyrir dómstólum er umfangsmikill. Mikið er leitað til sjálfstætt starfandi lögmanna. Samkeppniseftirlitið hefur ekki gert skriflega samninga við þá lögmenn, sem leitað er til um rekstur mála fyrir dómstólum. Á því hefur ekki verið talin þörf.

Ákvörðun um hver flytur hvert mál fyrir dómstólum er tekin með hliðsjón af hverju dómsmáli fyrir sig. Í flestum tilvikum er hvort tveggja ríkinu og Samkeppniseftirlitinu stefnt fyrir dóm. Af því leiðir að ríkislögmaður tekur ákvörðun um hvaða lögmaður gætir hagsmuna íslenska ríkisins í viðkomandi máli. Hefur hann að jafnaði ákveðið að fela sama lögmanni að gæta hagsmuna íslenska ríkisins og Samkeppniseftirlitið hefur falið að gæta hagsmuna sinna.

Í nokkrum tilvikum hefur stofnunin fengið lögmenn til liðs við sig í aðdraganda dómsmála. Hefur það fyrst og fremst verið gert í þeim tilvikum þegar líklegt er talið að reyna muni á mál fyrir dómstólum.

Lögmenn starfa á grundvelli gjaldskrár sem viðkomandi lögmenn hafa sett sér. Samið er eftir atvikum um afslátt frá viðkomandi taxta með hliðsjón af eðli og umfangi viðkomandi máls. Til grundvallar reikningi liggur ávallt fyrir sundurliðuð tímaskýrsla.

Í ýmsum tilvikum er leitað til annarra sérfræðinga en lögmanna. Við afmörkuð stærri verk er að jafnaði leitað tilboða og þau metin. Tekið er því tilboði sem fremst stendur.

8.3.4 Fjármagnsliðir

Fjármagnsgjöld námu kr. 8.724 árið 2020. Bókaðar vaxtatekjur voru engar. Vaxtatekjur, ef einhverjar eru, eru færðar hjá ríkissjóði.

8.4 Niðurstöður

Halli var rekstri Samkeppniseftirlitsins á árinu 2020 sem nam 7,7 m.kr. Endurskoðun rekstrarliða stofnunarinnar er án sérstakra athugasemda.

9 Endurskoðun efnahagsliða

9.1 Efnahagsreikningur

Í árslok 2020 nema eignir 82,1 m.kr., skuldir nema 68,5 m.kr. og eigið fé er jákvætt um 13,6 m.kr.

9.2 Eignir

Eignfærsla fastafjármuna hefur átt sér stað frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF). Eignir eru skráðar í eignaskrárkerfi Orra. Afskriftahlutfall er breytilegt milli einstakra flokka eigna.

9.2.1 Fastafjármunir

Fastafjármunir nema 7,2 m.kr. í árslok 2020 en voru tæpar 9 m.kr. í árslok 2019. Fastafjármunir samanstanda að mestu að skrifstofubúnaði, tölvum, tækjum og áhöldum. Staða fastafjármuna er í samræmi við stöðu í eignarskrákerfi Orra (FA) í árslok 2020. Engin sérstök fjárhæðarmörk hafa verið sett við eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna.

9.2.2 Veltufjármunir

Veltufjármunir í árslok 2020 nema 74,9 m.kr. samanborið við 62,1 m.kr. í árslok 2019 eða aukning um 12,8 m.kr. Veltufjármunir í árslok 2020 fela í sér kröfu vegna tengdra aðila (ríkissjóður) að fjárhæð 74,9 m.kr.

9.2.3 Greiðslukort

Eitt greiðslu- eða kreditkort er í notkun hjá stofnuninni. Rekstrarstjóri fer með umsýslu þess. Kortið er aðallega notað til greiðslu á erlendum netsíðum við kaup bóka, leyfa á hugbúnaði, áskriftir og önnur tilfallandi útgjöld.

9.3 Eigið fé og skuldir

9.3.1 Eigið fé

Hrein eign Samkeppniseftirlitsins í árslok 2020 er jákvæð um 13,6 m.kr. í árslok 2020 en var jákvæð um 21,3 m.kr. í árslok 2019. Breyting á höfuðstól nemur 7,7 m.kr eða sem nemur rekstrarhalla á ársinu 2020.

9.3.2 Skuldir

Skuldir nema 68,5 m.kr. í árslok 2020 samanborið við 49,7 m.kr. í árslok 2019 eða aukning um 18,8 m.kr. milli ára.

Skuldir samanstanda af stöðu við tengda aðila að fjárhæð 5,5 m.kr., viðskiptaskuldir eru 10,1 m.kr., ýmsar skammtímaskuldir (orlofsskuldbinding) 50,4 m.kr. Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda nemur 8,0 m.kr.

Viðskiptaskuldir eru að nær öllu leyti uppgerðar í janúar 2021 skv. skriflegu svari og yfirlitum frá eftirlitinu. Stemmur einnig við bókhald 2021.

Ýmsar skammtímaskuldir nema eins og áður segir 50,4 m.kr. í árslok 2020 og er eingöngu um að ræða orlofsskuldbindingu. Orlofsskuldbinding í upphafi árs 2017, við innleiðingu nýrra laga um opinber fjármál, nam 26,7 m.kr. Á árinu 2020 hækkaði orlofsskuldbindingin mikið, eða um 14,9 m.kr., sem virðist hafa stafað af takmarkaðri orlofstöku starfsfólks vegna Covid-faraldursins.

9.4 Niðurstöður

Endurskoðun efnahagsliða stofnunarinnar er án sérstakra athugasemda.

10 Önnur atriði

10.1 Ársreikningur og staðfestingarbréf

Forstjóri Samkeppniseftirlitsins og stjórn hafa undirritað ársreikning stofnunarinnar rafrænt. Dagsetning áritunar er 29. júní 2021. Einn stjórnarmaður áritaði ársreikninginn þó ekki fyrr en 30. september 2021. Staðfestingarbréf forstjóra til Fjársýslu ríkisins liggur fyrir. Undirritað með rafrænni undirskrift, dagsett 30. september 2021.

10.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Samkeppniseftirlitinu.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448 8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is